

Aðalfundur foreldraráðs 11.október 2023 kl 19:30-20:30

- Kosning fundastjóra og fundaritarara
- Innlegg frá formanni foreldraráðs (sem Gylfi Guðmundsson tók fyrir Lilju Ásgeirsdóttur vegna veikinda)
- Karen jafnréttiráðgjafi
- Erindi um vaxandi depurð ungmenna og hvað er að hafa áhrif– Gylfi Guðmundsson
- Kynningar hjá nemendaráði og ýmsum nefndum sem eru starfandi í félagslífinu

Innlegg frá foreldraráði

Gylfi Guðmundsson fór yfir starfið á síðasta ári. Foreldrastarfið missti aðeins flugið í covid og erum við að fara koma því aftur í fastar skorður. Athygli var vakin á Facebook síðunni „MH foreldrar og forráðamenn“ en þar eru settar inn upplýsingar og foreldrar geta spurt spurninga. Farið var yfir stöðuna á reikningi hjá foreldrafélaginu. Á hverri er er býðst nemendum að borga valfrjálsa upphæð í foreldrafélagi, 500kr og eru þeir peningar nýttir í ýmislegt fyrir nemendur. Þar má nefna hljóðkerfi, myndavél, míkrofónar, borðtennisborð, textílkaup, styrkur til skólans vegna árshátíðar, edrúpottur á minnst tveimur böllum ársins o.fl.

Foreldrar úr foreldraráði hafa verið sýnilegir á opnu húsi. Einn aðili úr foreldraráði situr fundi hjá Skólanefnd skólans. Þar eru fulltrúar frá menntamálaráðuneytinu og borginni ásamt forseta nemendafélagsins, fulltrúa kennara, rektor og konrektor. Þar er farið yfir starf skólans, fjárhagsáætlun og fl. Hægt er að hafa samband við foreldraráð ef að það sé eitthvað sem þarf t.d. að koma á framfæri við skólayfirvöld.

Innlegg frá Karen jafnréttisfulltrúa

Karen er kynjafræðingur (MA) og doktorsnemi á Menntavísindasviði HÍ og er nemendum og starfsfólki MH til ráðgjafar og stuðnings. Hún heldur utan um jafnréttisfræðslu fyrir nýnema og útskriftarefni, kemur að stefnumótun skólans í jafnréttismálum og tekur á móti ábendingum og athugasemdum.

Karen talaði um að nemendur eigi kost á að leita til hennar ýmislegt eins og ofbeldi, áreitni og óvelkomna hegðun í skólaumhverfinu. Hún fylgir þeim málum eftir í samráði við nemendur. Nemendur (og nemendaráð) eru hvött til þess að heyra í Karen ef þau eru með vangaveltur eða spurningar sem tengjast málaflokknum. Dæmi um slíkt er:

- ráðgjöf um rétta notkun persónufornafna,
- ráðgjöf þegar skólafélagi kemur út úr skápnunum,
- vangaveltur varðandi eigin kynhneigð eða kynvitund,
- aðstoð vegna öráreitni, krefjandi skólafélaga eða kennara,
- ráðgjöf um samþykki og mörk í kynferðislegum samskiptum,
- Listinn er ekki tæmandi :) Það má líka kíkja á hana til þess eins að spjalla.
- Öll samtöl eru trúnaðarsamtöl.

Nemendur geta bókað viðtal hjá Karen hér > [Menntaskólinn við Hamrahlíð \(office365.com\)](https://office365.com) eða með því senda póst á netfangið karen@mh.is. Karen er við á mánudögum milli kl. 9:00 og 14:00 á skrifstofu náms- og starfsráðgjafa á lðavöllum.

Innlegg frá Gylfa Guðmundssyni

Gylfi fór yfir rannsóknir sem hann hafði kynnt sér og sýna að allt of stór hluti af ungu fólki líður ekki vel og sá hópur fer hratt stækkandi. Hann fór yfir hvað hefur breyst á undanförunum árum og hvað það getur verið að skapa þetta og velti fyrir sér hvort að það væru einhverjar lausnir sem væri hægt að vinna með.

Innlegg frá nemendum

Það voru um níu nemendur úr alls kyns ráðum sem kynntu starfið í vetur og hvað er á dagskránni en þar má nefna:

Busavika heppnaðist vel og Busaball sem haldið var á Hvalasafninu, Óðríkur hefur haldið tónleika, Málfundafélagið haldið spurningakvöld, Listó hélt brúðkaupsviku í síðustu viku. Það eru leiklistaprufur fyrir litla leikritið og margt spennandi framundan í októbermánuði, MH-kvennó dagurinn, frumsýning hjá leikfélaginu verður í apríl, litlir viðburðir framundan og Grímuball í lok október svo eitthvað sé nefnt.

Opið fyrir spurningar

Tekið var stutt óformlegt spjall í lok fundarins

Fundi slitið kl 20:30 – Fundarritari Þórunn Þórarinsdóttir forvarnar- og félagsmálafulltrúi